

DAGBÓK


I dag er 12. janúar, 12. dagur ársins 1975, 1. sunnudagur eftir þrettánda. Nýtt tungl (þorratungl). Árdegisflóð í Reykjavík er kl. 06.31, síðdegisflóð kl. 18.48. Sólarupprás í Reykjavík er kl. 11.02, sólarlag kl. 16.10. Sólarupprás er á Akureyri kl. 11.09, sólarlag kl. 15.32.

(Heimild: Íslandsalmanakið).

I sveita andlitis þíns skalt þú neyta brauðs þíns, þangað til þú hverfur aftur til jarðarinnar, því að af henni ert þú tekinn; því að mold ert þú og til moldar skalt þú aftur hverfa!

(I. Mósebók 3.19).

ÁRNAS HEILA



17. nóvember gaf séra Bragi Benediktsson saman í hjónaband í Fríkirkjunni í Hafnarfirði Helgu Vilmundardóttur og Gunnar Sigurðsson. Heimili þeirra er að Einilundi 2, Garðahreppi. (Ljós. Iris).



23. nóvember gaf séra Garðar Þorsteinsson saman í hjónaband í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði Karólínu Jósefsdóttur og Gunnar Jónsson. Heimili þeirra er að Skólbraut 2.




30. nóvember gaf séra Garðar Þorsteinsson saman í hjónaband í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði Rut Óskarsdóttur og Gunnar Tómasson. Heimili þeirra er að Heiðarhrauni 51, Grindavík. (Ljós. Iris).



7. desember gaf séra Garðar Þorsteinsson saman í hjónaband í Þjóðkirkjunni í Hafnarfirði Ásdís Kristinsdóttur og Ingimar Kr. Þorsteinsson. Heimili þeirra er að Brekkustíg 14, Ytri-Njaróvík. (Ljós. Iris).

Víkuna 10. — 16. janúar verður kvöld-, helgar- og næturþjónusta apóteka í Reykjavík í Vesturbæjarapóteki, en auk þess verður Háaleitisapótek opið utan venjulegs afgreiðslutíma til kl. 22 alla daga vaktvinnunnar nema sunnudag.

KROSSGÁTA



Lárétt: 1. ílát 6. á hlið 7. hró 9. möndull 10. erfiði 12. klaki 13. mjöll 14. aðferð 15. lítilfjörlegur matur.

Lóðrétt: 1. spil 2. masar 3. róta 4. raufina 5. guðsins 8. samhljóðar 9. beita 11. á fingri 14. álasa.

Lausn á síðustu krossgátu

Lárétt: 2. ást 5. kú 7. B.S. 11. þakkinn 13. ið 14. kann 15. NS 16. sá 17. org.

Lóðrétt: 1. skápin 3. skakkur 4. ósannað 6. unaðs 7. banns 9. NK 12. IA.

FRÉTTIR

Prentarakonur halda fund á Hverfisgötu 21 mánudaginn 13. janúar kl. 20.30. Spiluð verður félagsvíst. Gestir velkomnir.

Kvenfélag Bústaðasóknar spilar félagsvíst í safnaðarheimili Bústaðakirkju mánudaginn 13. janúar kl. 20.30. Gestir eru velkomnir.

SÖFNIN

Bókasafnið í Norræna húsinu er opið kl. 14—19, mánud. — föstud., en kl. 14.00—17.00 laugard. og sunnud.

Landsbókasafnið er opið kl. 9—7 mánudaga — föstud. Laugard. 9—12.

Borgarbókasafnið: Aðalsafnið er opið mánud. — föstud. kl. 9—22, laugard. kl. 9—18.

Bústaðaútibú er opið mánud. — föstud. kl. 14—21.

Höfsvallaútibú er opið mánud. — föstud. kl. 16—19.

Sólheimaútibú er opið mánud. — föstud. kl. 14—21.

Ameríska bókasafnið, Neshaga 16, er opið kl. 1—7 alla virka daga.

Árbæjarsafn er opið alla daga nema mánudaga milli kl. 1 og 6. (Leið 10 frá Hlemmi).

Ásgrímssafn Bergstaðastræti 74, er opið alla daga nema laugardaga kl. 13.30 — 16.00.

Aðgangur er ókeypis. Íslenska dýrasafnið er opið kl. 13—18 alla daga.


Listasafn Einars Jónssonar verður lokað í janúar, en verður opnað á ný 2. febrúar.

Listasafn Íslands er opið kl. 13.30—16 sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugard.

Náttúrugripasafnið, Hverfisgötu 115, er opið sunnud., þriðjud., fimmtud. og laugard. 13.30—16 alla daga.

Sædýrasafnið er opið alla daga kl. 10—17.

Þjóðminjasafnið er opið kl. 13.30—16 alla daga.



NÝLEGA gáfu Bang og Olufsen verksmiðjurnar dönsku lönnskólunum í Reykjavík tvö B&O sjónvarpstæki til nota við verklega kennslu í útvarps- og sjónvarpsvirkjun. Er hér um að ræða sjónvarpstæki af nýjustu og fullkomnustu gerð, og er annað tækið litsjónvarpstæki. Var mynd þessi tekin þegar Halldór Laxdal, framkvæmdastjóri Radióbúðanna afhenti skólustjóra lönnskólans, Þór Sandholt, tækin. Með þeim á myndinni er Kolbeinn Gíslason kennari, Halldór Ármannsson umsjónarkennari og Jón Sætran yfirkennari rafiðnaðardeildar.

Skólustjóri lét þess getið, er hann þakkaði gjöfina, að sá stuðningur, sem hinar ýmsu greinar atvinnulífsins hefðu veitt skólanum við uppbyggingu verknámskennslunnar, væri ómetanlegur.

Þess má að lokum geta, að fyrstu nemendur verknámsfyrirkomulagsins útskrifuðust fyrir nokkru og eru þeir einmitt úr rafiðnaðardeild skólans.

ást er . . .




11-5

. . . að vera sem OFTAST í sófakelerí

TM Reg. U.S. Pat. Off.—All rights reserved © 1974 by Los Angeles Times

Kvenfélag Kópavogs heldur hátíðarfund fyrir félagskonur og gesti þeirra í félagsheimilinu, uppi, fimmtudaginn 16. janúar. Skemmtidagskrá og kaffiveitingar.



Kjarvalsmynd í Málara-glugganum um helgina

Nú um helgina er til sýnis Kjarvalsmálverk í sýningarglugga Málars í Bankastræti. Myndin er máluð skömmu eftir stríð, en hún gerir Kjarval sérstaka ferð í Borgarfjörð eystra til að mála hina sérstæðu og hrikalegu fjallasýn, sem þar gefur að líta. Á myndinni sést líka klettaborg þar sem Kjarval lék sér og undi löngum stundum í bernsku. Myndin hefur verið í einkaeign alla tíð, og er þetta í fyrsta skipti, sem hún er til sýnis opinberlega.



Það kemur kurr í friðardúfuna ef hún fær ekki olíu á tankinn.